

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orf Líftækni ehf Víkurhvarf 3



Dags eftirlits	27.4.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Orf Líftækni ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Víkurhvarfi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Már Björnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Athugasemd var gerð við nafn á tengiliðum í tveimur áætlunum. Uppfærðar áætlanir hafa verið sendar stofnuninni.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt útsendri dagskrá skal fara yfir þær áætlanir sem liggja skulu fyrir, skráningar og merkingar, tilkynningar til Umhverfisstofnunar, dauðhreinunarbúnað rekstraraðila, öruggar geymslur o.fl.

Starfsleyfið nær yfir rannsóknar- og þróunarstarfsemi í líftækni. Notaðar eru bakteríuræktir af ómeinvirkum rannsóknastofustofnum. Erfðabreyttar örverur eru ræktaðar í lokuðum tilraunaglösnum í rannsóknarskyni. Um er að ræða starfsemi með útgefnu leyfi frá 28. febrúar 2013 til 28. febrúar 2023.

Sest var niður og fundað í upphafi eftirlits. Farið var yfir kröfur í starfsleyfinu og kom fram að leyfið er að nýtast rekstraraðila vel og ekki er áhugi á að sækja um breytingar á því. Ákveðið var að Jón Már kæmi í stað Ingimundar sem tengiliður við Umhverfisstofnun, sbr. ákvæði 4.1 í starfsleyfi.

Dregið hefur úr starfsemi en rekstraraðila er miklivægt að vinna haldist þó áfram svo þekking tapist ekki og æfð vinnubrögð starfsfólks haldist innan fyrirtækisins.

Farið var yfir gátlista og kom fram að engin bilanir hafa orðið í starfstöð, hvorki mengunaróhöpp né skemmdarverk hafa átt sér stað á leyfistíma. Úrgangi sem skal gufusæfa og öðrum úrgangi er fargað í samræmi við leyfisskilyrði. Haldnar eru vinnubækur um aðskilin efni, s.s. nýtingu á aðstöðu, erfðabreyttar lífverur í ræktun, o.fl. sbr. ákvæði 3.2 í starfsleyfi. Einnig um viðhald, eftirlit og bilanir í búnaði, breytingar á tækjabúnaði og þjálfun starfsfólks. Nýr gufusæfir hefur verið tekinn í notkun.

Tvær áætlanir skulu liggja fyrir samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi og voru þær skoðaðar. Bent var á að uppfæra þarf nafn á tengiliði stofnunarinnar í þeim báðum þar sem Ásgeir Björnsson hefur látið af störfum hjá Umhverfisstofnun. Uppfærðar áætlanir hafa borist stofnuninni.

Fram kom að öryggisnefnd er til staðar í húsinu.

Gengið var um aðstöðuna, skoðaðir m.a. kælar og frystar, ræktunarskápar og rafdráttaraðstaða. Öllu var vel fyrir komið og ekki er gerð athugasemd við neitt af þessu. Úrgangur er flokkaður og merktur að kröfu móttakanda hans.

Farið var yfir afmörkunarráðstafanir og kom fram að aðgangsstýringar eru á hurðum, vinnuborð eru af tilskilinni gerð, starfsfólk notar tilskilinn hlífðarfatnað og mengaður úrgangur fer í gufusæfi. Myndir voru teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent.

ATHUGASEMDIR

Engar útafstandandi athugasemdir liggja fyrir.

Reykjavík, 11.05.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.